

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna stækkunar Skaganámu (E11), Múlaþingi.

Skipulagsstofnun staðfesti 18. júlí 2023 breytingu á aðalskipulagi fyrrum Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 27. júní 2023.

Í breytingunni felst stækkun Skaganámu (E11) í allt að 5,3 ha, með heimild fyrir allt að 350.000 m³ efnistöku. Athafnasvæði við Vesturveg minnkar um 4 ha, skógræktar- og landgræðslusvæði (SL1) minnkar um 1,1 ha og óbyggt svæði til sérstakrar nota minnkar um 0,2 ha.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 18. júlí 2023.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 1. ágúst 2023